



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins um skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum meðal barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs þann 6. maí 2026 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að kanna möguleikann á skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum meðal barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Betri borg fyrir börn. Óskað er eftir að unnin verði sviðsmyndagreining á hugsanlegu umfangi þjónustunnar, fjöldi barna eftir aldri, þjónustupörf og meðferð sé metinn og kannað hvort til sé vinnu- eða verklag sem fagfólk bæði grunnskóla, heilsugæslu og geðheilbrigðis geti horft til eða hvort þarf að finna nýjar aðferðir.

Tillögunni var vísað til umsagnar velferðarsviðs.

Umsögn:

Markmið með skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum er að greina áföll, tengslaröskun, ofbeldi, vanlíðan og áhættu hjá börnum sem annars gæti farið fram hjá starfsmönnum skóla. Tilgangur skimunar er að tryggja snemmtæka íhlutun og að boðið sé upp á rétt úrræði fyrir barnið, styrkja farsæld barna og draga úr langtímaafleiðingum fyrir barnið. Mikilvægt er að hafa í huga að skimun er inngangur inn í þjónustu en ekki þjónustan sjálf.

Í nýjustu stefnumótun stjórnvalda sem heilbrigðisráðuneytið gaf út í júní 2025 um skimun hjá börnum og tillögur að framtíðarferli og verkefnum er lögð áhersla á að skimun sé hluti af heildstæðu barnaverndar- og heilbrigðiskerfi en ekki einangrað inngrip.

Skýr ábyrgð þarf að vera á milli kerfa og ábyrgð á formlegri skimun. Í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins er lagt til að skólaheilsugæsla beri ábyrgð á formlegri skimun og skimunin sé gerð í tengslum við heilsufarssamtöl. Heilbrigðiskerfið beri ábyrgð á heilbrigðiskráningu og tilvísun í heilbrigðisúrræði og til barnaverndar. Einnig kemur fram að skóla- og félagsþjónusta sveitarfélaga ber ábyrgð á stuðningi, ráðgjöf, eftirfylgd og úrræðum innan Betri borgar fyrir börn og farsældar en veiti ekki heilbrigðismeðferð.





Mat Persónuverndar er að upplýsingar úr skimunum teljast viðkvæmar heilsufarsupplýsingar og skulu slík gögn vera vistuð í heilbrigðisgagnakerfum þegar skimun er framkvæmd, ekki geymd í almennum skólaskráum.

Sveitarfélag heldur utan um þjónustugögn (stuðning, eftirfylgd) með tryggri aðgangsstýringu og eru þessi gögn aðgreind frá heilbrigðisgögnum. Persónuvernd tekur einnig fram mikilvægi þess að upplýsa foreldra og fá skriflegt samþykki þeirra fyrir fyrirlögn skimunar. Foreldrar þurfa að fá skýra fræðslu um tilgang skimunar og val um þátttöku.

Núverandi staða á Íslandi er að skimun fer ekki almennt fram með stöðluðum hætti í skólum. Skólahjúkrunarfræðingar eiga reglubundin heilsusamtöl í 7. og 9. bekk þar sem spurt er um líðan og ofbeldi, en framkvæmd er breytileg eftir skólum og sveitarfélögum. Eftirfylgd mála er síðan breytileg eftir skólakerfum. Á miðstöðvum Reykjavíkurborgar hefur verið notast við spurningalista um ofbeldi fyrir þá sem komnir eru í þjónustu og hefur verið stefnt að því að nýta staðlaðan spurningalista ACEs (Adverse Childhood Experiences) þegar barn kemur inn í þjónustu í deild barna og fjölskyldna, á öðru stigi þjónustu.

Tillögur vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins frá 2025 eru að leggja af stað með formlega, landsbundna skimun í 1., 4., 7. og 9. bekk grunnskóla og áframhaldandi skimun eftir lok grunnskóla (16-17 ára). Skimunin verði framkvæmd af skólahjúkrunarfræðingum með aldursmiðuðum spurningalistum og ítarlegri könnun ef barn greinir frá ofbeldi. Markmiðið er að ná til allra barna með rafrænum lausnum og hafa verklagið samræmt á landsvísu. Einnig er talað um að nýta mæðra-, ung- og smábarnavernd og framhaldsskóla til að skima fyrir ofbeldi. Síðan er áætlað að opna miðlægt áfallateymi, Bryndísarhlíð, með haustinu 2026.

Þegar skimunin fer fram í grunnskólum þá er það samþætt við heilsufarssamtöl sem skólahjúkrunarfræðingar gera. Aðrir starfsmenn skóla og/eða velferðarþjónustu taka ekki formlega skimun en koma auga á vísbendingar og vísa málum áfram í formlegt ferli.

Það sem þarf sérstaklega að varast er óraunhæfar væntingar foreldra og barna því að skimun jafngildir ekki tafarlausu viðtali eða meðferð. Einnig þarf að varast kerfislegt offlæði þar sem málum fjölgar án aukinna úrræða og getur það skapað flöskuháls í þjónustu. Síðan þarf að varast of vélræna nálgun þar sem spurningalistar án samtals geta dregið úr trausti og óskýr verkaskipting á milli starfsmanna skóla, velferðar og heilsugæslu getur valdið rangri skráningu og óskýrri ábyrgðarskiptingu.

Kostnaðarþættir sem þarf að hafa í huga er beinn kostnaður eins og aukin mönnun, fræðsla og þjálfun starfsmanna um áföll og tengslaraskanir meðal barna. Einnig þarf að huga að óbeinum kostnaði eins og aukinni eftirspurn eftir barnavernd, sálfræðiþjónustu og meðferð, og stuðningsúrræðum skóla og velferðarþjónustu. Kerfislægur kostnaður er síðan aukið álag, mannaflí og stjórnum ef ekki fylgir fjármögnun.





Styrkleikar tillagnanna sem heilbrigðisráðuneytið gaf út í júní 2025 eru skýr stefnumörkun um samræmda nálgun. Áhersla á snemmtæka íhlutun fremur en viðbrögð við alvarlegum tilvikum og viðurkenning á mikilvægi skóla sem lykilvettvangs til að ná til allra barna.

Helstu áskoranir eru mannauður, skólahjúkrunarfæðingar og stuðningsnet sem víða er undirmannað miðað við óskir eftir þjónustu og biðlistar myndast eftir þjónustu. Einnig er hætt á að skimanir án úrræða valdi misskilningi, því að skimun án nægjanlegs aðgengis að meðferð og eftirfylgd getur aukið álag og vonbrigði meðal barna og foreldra. Án raunverulegrar fjármögnunar, markvissrar þjálfunar starfsfólks og skýrra boðleiða í úrræði er hætt á að skimun verði táknræn aðgerð fremur en raunveruleg forvörn. Gagnavarsla á skimunargörnum liggur hjá heilbrigðisgagnagrunni og síðan stuðnings- og eftirfylgni í málaskrá sveitarfélags.

Mikilvægt er að taka upplýsta ákvörðun um umfang, ábyrgð og fjármögnun verkefnisins áður er ráðist er í heildrænar skimanir innan skóla og forðast algenga ágalla sem alþjóðleg reynsla sýnir af skimunum. Skimun í skólum og hjá börnum í frekari þjónustu eða hjá barnavernd þarf að vera skipulögð, mannúðleg og markviss og hluti af samfelldri þjónustukeðju. Mikilvægt er að skimunin sé framkvæmd út frá hagsmunum barna, með réttindi og persónuvernd að leiðarljósi.

